

ÁRSSKÝRSLA 2019

FJÁRMÁLASKRIFSTOFA

STJÓRNSÝSLUSVIÐ



VIRÐING



ELDMÓÐUR



FRAMSÆKNI

Reykjanesbær, apríl 2020
~ í krafti fjölbreytileikans

HLUTVERK FJÁRMÁLASKRIFSTOFU

Fjármálaskrifstofa Reykjanesbæjar er ein af þremur einingum á stjórnsýslusviði sem starfar þvert á alla starfsemi bæjarins og veitir innri þjónustu til allra sviða, stofnana og b-hluta líkt og ytri þjónustu til íbúa Reykjanesbæjar. Saman mynda fjármálaskrifstofa, skrifstofa stjórnsýslu og Súlan verkefnastofu stjórnsýslusvið og skipta með sér verkefnum sviðsins. Breyting á skipiriti Reykjanesbæjar tóku gildi 1. september, 2019:



Helstu verkefni fjármálaskrifstofu eru umsjón með fjárreiðum bæjarins og bókhaldi, innheimtu, greiðslum, launavinnslu, innkaupum, greiningum, fjárhagsáætlunargerð, eftirliti með fjárhag eininga, rekstraruppgjörum, árshlutauppgjörum, ársreikningi, skýrslugerð og fleira bæði fyrir deildir og stofnanir bæjarins og eins fyrir B-hluta fyrirtæki eftir atvikum.

Fjármálaskrifstofan skiptist í þrjár deildir sem eru reikningshald, launadeild og hagdeild:



Starfsfólk fjármálasviðs:

- Ásdís M. Óskarsdóttir, fulltrúi í reikningshaldi
- Herdís Andrésdóttir, launafulltrúi
- Hjörtur Harðarson, rekstrarfulltrúi
- Hrafnhildur H. Ólafsdóttir, fulltrúi í reikningshaldi
- Iðunn K. Grétarsdóttir, deildarstjóri launaeildar
- Ingibjörg Samúelsdóttir, fulltrúi í reikningshaldi
- Kristinn Þór Jakobsson, innkaupastjóri
- Regína F. Guðmundsdóttir, fjármálastjóri
- Sólveig Einarsdóttir, innheimtustjóri
- Sædís Kristjánsdóttir, sérfræðingur í launadeild
- Þorgeir Sæmundsson, deildarstjóri reikningshalds

Meginhlutverk fjármálaskrifstofu er að annast fjármálastjórn bæjarsjóðs og stofnana hans, söfnun, vinnslu og dreifingu upplýsinga fyrir stofnanir bæjarins, sviðsstjóra, forstöðumanna, deildarstjóra, bæjarfulltrúa og bæjarbúa. Skrifstofan hefur yfirumsjón með og stýrir vinnu við fjárhagsáætlun, sér um eftirfylgni og frávikagreiningu frá fjárhagsáætlun, ásamt kostnaðargreiningu. Starfsmenn skrifstofunnar sinna mánaðarlegu uppgjöri til bæjarráðs, árshlutauppgjörum og gerð ársreiknings. Einnig sér sviðið um að veita ráðum, þ.m.t. bæjarráði ráðgjöf, greiningu og upplýsingar varðandi það sem snýr að fjárhagslegum þáttum þeirra mála sem eru til meðferðar. Einnig veita

starfsmenn ráðgjöf og þjónustu til stofnana bæjarins varðandi það sem snýr að fjármálum og rekstri. Skrifstofan hefur yfirumsjón með fjárreiðum, skuldabréfum, greiðslu reikninga og innheimtu, álagningu fasteignagjalda sem og annarra gjalda. Skrifstofan leitar leiða til að samræma og hagræða í innkaupum fyrir stofnanir bæjarins með öllum tiltækum innkaupaleiðum (útboð, örútbóð og verðfyrirspurnir) ásamt að veita ráðgjöf. Allar launakeyrslur bæjarsjóðs og stofnana hans eru einnig unnar á skrifstofunni ásamt yfirumsjón með launa- og mannauðskerfinu Kjarna og tímaskráningakerfinu Vinnustund. Fjármálaskrifstofa þjónustar líka B-hluta fyrirtæki bæjarins og hefur innleitt sömu ferla fyrir þau fyrirtæki og notaðir eru hjá Reykjanesbæ. Hér er átt við uppáskriftar-, bókunar- og greiðsluferla.

Þau verkefni sem unnin eru á fjármálaskrifstofu taka mið af nýrri stefnu Reykjanesbæjar og áhersla er lögð á heims- markmiðin 17 og undirmarkmið þeirra:



Þau verkefni sem yntt eru af hendi og þær áherslur og markmið sem fjármálaskrifstofan hefur sett sér hafa verið tengd við eftirfarandi heimsmarkmið og undirmarkmið:



Undirmarkmið:

- 5.5 Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.
- 8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.
- 8.8 Réttindi á vinnumarkaði verði vernduð og stuðlað að öruggu og tryggju vinnuumhverfi fyrir allt launafólk, meðal annars farandverkafólk, einkum konur í þeim hópi og þá sem eru í óöruggu starfi.
- 10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnám laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem alla á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.

- 12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.
- 12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.
- 16.3 Réttarríkið verði eftt á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi og tryggt verði jafnt aðgengi allra að réttarkerfinu.
- 17.14 Bæta samræmda stefnu varðandi sjálfbæra þróun



ÁRSSKÝRSLA

1. Hagdeild / innkaup

Eins og fyrr er greint frá þá urðu breytingar á skipuriti á árinu 2019 sem samþykktar voru í bæjarstjórn á hátíðarfundum þann 11. júní, 2019 og tóku gildi 1. september, 2019. Nýtt skipurit hafði áhrif á hagdeild og innkaupastjóra að því leiti að innkaup voru sett undir hagdeild.

Breytingar urðu á starfmannahaldi þar sem frá og með 1. janúar 2019 var annar rekstrarfulltrúi af tveimur fluttur tímabundið til mannauðsstjóra sem mannauðsráðgjafi í eitt ár svo ákveðið var að prófa að keyra hagdeildina á einum rekstrarfulltrúa. Samhliða því þá sagði innkaupstjóri Reykjaneshafnar starfi sínu lausu snemma árs og var því ákveðið að setja innkaupin undir hagdeildina með því markmiði að nýta krafta innkaupastjóra í verkefni hagdeildar og samþætta verkefni. Í maí lét Jón Ingi Benediktsson af störfum og í júlí tók Kristinn Þór Jakobsson til starfa sem innkaupstjóri með verkefni frá hagdeild samhliða. Ákveðið var svo í lok árs 2019 að fastráða rekstrarfulltrúa hjá mannauðsstjóra frá og með 1. janúar 2020 og eru því starfsmenn hagdeildar tveir frá og með þeim tíma.

Seinni hluti ársins var notaður í að samþætta og skipuleggja verkefni deildarinnar með tilliti til starfsmanna og hefur það gengið vel. Einnig var tekin sú ákvörðun í breytingum á skipulagi að fjármálaskrifstofa tæki við deild sem hefur með rekstur á Tjarnargötu 12 að gera en þar fara fram öll innkaup á því sem snýr að rekstri bæjarskrifstofu og mótuneyti fyrir starfsmenn samkvæmt kjarasamningum. Einnig fellur til þar viðhald og endurnýjun tækja í húsinu sem samkvæmt leigusamningi er leigutakans að annast. Innkaupastjóra var falið að taka við umsjón deildarinnar og ber því ábyrgð á fjárheimildum hennar.

2. Launadeild

Nýtt skipurit hafði ekki áhrif á launadeild. Deildin er skipuð þremur starfsmönnum, deildarstjóra, sérfræðingi og launafulltrúa. Á árinu 2019 var deildarstjóri launadeildar í fæðingarorlofi frá upphafi árs til 26. maí en vann 40% fjarvinnu á meðan á orlofinu stóð. Á síðarihluta ársins 2018 var ráðinn inn launafulltrúi í tímabundið starf sem var svo fastráðinn 1. september 2019.

Á árinu fór mikil vinna fram vegna jafnlaunavottunar Reykjaneshafnar og var deildarstjóri launadeildar leiðandi í þeirri vinnu. Matið fór fram í nóvember og desember af hendi matsaðila og var Reykjaneshafnar búinn að fá tilkynningu um vottun fyrir lok árs 2019 þó svo formlega kæmi ekki í hús í byrjun árs 2020.

Á árinu var í fyrsta skiptið eingöngu stuðst við launaáætlun úr Kjarna í fjárhagsáætlunargerð fyrir 2020 en Kjarni er það launaforrit sem Reykjaneshafnar notar. Eins var í fyrsta skiptið reiknuð út orlofsskuldbinding Reykjaneshafnar og Reykjaneshafnar í lok árs 2019 í Kjarna.

3. Reikningshald / innheima

Nýtt skipurit hafði ekki áhrif á reikningshald né innheimtu. Deildarstjóri reikningshalds var samhlíða að gegna starfi fjármálastjóra á árinu og naut stuðnings frá starfsmönnum reikningshalds og innheimtu. Á árinu hætti einn starfsmaður sem unnið hefur lengi hjá Reykjanesbæ í bókhaldi vegna 90 ára reglunnar. Viðkomandi var ráðinn aftur inn í 60% hlutfalli sem tilraun til að fækka starfshlutföllum í krafti hagræðingar vegna tímasparnaðar á móttöku og útgáfu reikninga á rafrænu formi og frá 1. október fór starfshlutfall í bókhaldi úr 3 gildum í 2,6 sem gekk vel út árið 2019.

Á árinu var áfram haldið við að hvetja birgja / lánardrotta til að nýta sér rafræn samskipti þegar kemur að reikningum sem sveitarfélagði móttækur og þannig stuðla bæði að öruggari skráningu reikninga og eins að umhverfisvænni skráningu. Eins var unnið í því að breyta ferlum í þá átt að gera sem flestar fjárhagsbækur kerfislægar og fækka innslegnum fjárhagsbókum. Þróunin hefur verið í jákvæða átt síðustu ár og árið 2019 engin undantekning.

4. Fjármálastjóri

Í kjölfar starfsloka fyrrverandi fjármálastjóra í nóvember 2018 óskaði bæjarstjóri eftir því að deildarstjóri reikningshalds tæki tímabundið við starfi fjármálastjóra / sviðsstjóra fjármálasviðs og var samningur gerður í lok nóvember 2018 sem gildi til loka maí 2019. Var þeim samningi framlengt til september þar sem ekki var unnt að auglýsa stöðu fjármálastjóra fyrr en í júní 2019 og vinnsla á þeim umsóknum fór fram í júlí. 1. ágúst 2019 var Regína Fanný Guðmundsdóttir ráðin en gengdi áfram jafn sem fyrir þann tíma starfi deildarstjóra reikningshalds. Ráðinn fjármálastjóri sinnti báðum störfum út árið 2019 en í lok ársins var Þorgeir Sæmundsson ráðinn í starfs deildarstjóra reikningshalds og hóf hann störf í byrjun árs 2020.

Ár fjármálastjóra var því sérstakt að því leiti að bæði verkefni deildarstjóra reikningshalds og fjármálastjóra voru á sama borði en huga ber að því að það skapar tækifæri í skipulagningu á verkefnum þessa starfa á árinu 2020. Þungi starfsins á árinu fór í ársreikningsgerð á fyrrhlutanum og fjárhagsáætlunargerð á þeim síðari. Urðu töluverðar breytingar á verklagi og ferlum á því verkefni á árinu. Það stafar að því að flestir sem komu að verkefninu höfðu ekki gert það áður og eins var ferlið opnað meira en áður hafði tíðkast með meiri þátttöku bæjarstjóra, sviðsstjóra og bæjarfulltrúa sem gafst vel. Margt er hægt að bæta og taka með í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2021 sem fer fram á árinu 2020. Einnig var í fyrsta skiptið í áratugi sem fjárhagsáætlunargerðin fór eingöngu fram innanhúss hjá Reykjanesbæ og því engum fjármunum varið í utankomandi þjónustu en til einhverra ára hafa starfsmenn hjá KPMG aðstoðað ríkulega við áætlunargerðina.

5. Áherslur 2020

Hér er lýsing á þeim verkefnum sem lögð verður áhersla á árið 2020:

- Þróun og eftirfylgni á Kjarna launa og mannauðskerfi. Samþykktarferli og annar aðgangur stjórnenda verður gerður rafrænn á árinu 2020 og verður sett upp fræðsla fyrir stjórnendur varðandi þau og önnur mál.
- Gerð launaáætlunar, aðstoð og stuðningur við stjórnendur.
- Skipulagning á verkefnum og uppbygging launadeildar
- Aðstoð við stjórnendur við gerð launaáætlunar. Stuðningur og kennsla er mikilvæg í þessum málum og hafa stjórnendur kallað eftir kennslu og einföldun við þessi mál
- Samræming á vinnulagi starfsmanna launadeildarinnar, reglulegir samráðsfundir. Vinnufundir eru haldir alla miðvikudagsmorgna þar sem staðan er tekin á verkefnum næstkomandi viku
- Gerð verklagsregna og verkferla verður sett í forgang og stefnt á að þeir verði tilbúnir á haustmánuðum 2020. Allar verklagsreglur og ferlar verða vistaðir í gæðakerfi Reykjanesbæjar. Sérstaklega mun vera horft til þeirra verkferla sem eru ætlaðir til að aðstoða stjórnendur Reykjanesbæjar og styrkja þá í störfum sínum. Vinna við þá ferla verður sett í forgang
- Skipulag á innleiðingu Vinnustundar í grunnskóla, tónlistarskóla, fyrir nefndarstörf og Reykjaneshöfn og settur hefur verið saman vinnuhópur til þess að halda utan um það verkefni. Akurskóli verður fyrsti skólinn sem tekur upp vinnustund og verður hafist handa við undirbúning strax í upphafi árs 2020
- Mikilvægt að skanna inn öll skjöl sem eru til staðar og ganga frá eldri skjölum. Þetta þarf að gerast fyrir lok árs 2020
- Mikilvægt að laga boðleiðir og samskipti við launadeild. Að þessu hefur verið unnið markvisst árið 2019 og mun sú vinna halda áfram. Miklum árangri hefur verið náð í þessum málum. Til þess að festa þetta enn fremur í sessi er mikilvægt að leiðbeina stjórnendum hvað þetta varðar. Stjórnandi er tengiliður launadeildar og þeirra starfsmanna sem tilheyra hans einingu
- Halda námskeið og rafræna fræðslu fyrir stjórnendur – útbúa glærupakka, halda kynningar, upplýsa stjórnendur um alla þá hluti sem þeir þurfa að vera meðvitaðir um og gera þá ábyrgari og meðvitaðri fyrir sinni einingu
- Verkefni tengd jafnlaunavottun. Lokið var við Jafnlaunavottun á árinu 2019 og gert er ráð fyrir að Reykjanesbær öðlist Jafnlaunavottun jafnréttisstofu í upphafi árs 2020. Launagreining var unnin af Capacent í samráði við deildarstjóra launadeildar sem vann að henni lokinni útlagagreiningu. Auk þess sem verklagsreglur tengdar launaákvörðunum voru unnar af deildarstjóra launadeildar
- Á árinu 2020 verður önnur úttekt vegna jafnlaunavottunar og fyrir þá vinnu þarf að gera launagreiningu, auk útlagagreiningar. Þá þarf einnig að yfirfara verklagsreglurnar sem snúa að ákvörðunum launa